

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. júlí 2022
Málsnúmer: 202206-0016
SS/LA

Efni: Umsögn um matsáætlun vindorkugarðs í Brekku í Hvalfirði.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir vindorkugarð Zephyr ehf. í Brekku í Hvalfirði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir matsáætlunina og telur að í henni sé komið að mestu leyti inn á þá þætti sem þarf að fjalla um í umhverfismatsskýrslu en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Varðandi helstu framkvæmdaþætti er mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu sé fjallað um endanlega útfærslu á aðkomuvegi að vindorkugarðinum. Þá þarf að nefna að fullu hvaða efnistökusvæði í nágrenninu stefnt sé að því að nota. Fjalla þarf nákvæmlega um staðsetningu og stærð safnstöðvar sem og mannvirkja tengd framkvæmdinni sem staðsett verða innan framkvæmdasvæðisins.

Áætlaðar athuganir á gróðurfari eru líklegar til að vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdar á gróður svæðisins. Svæðið er ekki þekkt fyrir sjaldgæfar vistgerðir eða einstakar tegundir. Fram kemur að niðurstöður gróðurúttektar geti staðið fyrir uppfærslu á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Slíkt þarf alltaf að fara fram í samráði við Náttúrufræðistofnun.

Eins og fram kemur í matsáætluninni hefur Náttúrufræðistofnun skilgreint Hvalfjörð sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt svæðið á B-hluta náttúruminjaskrár. Um fjörðinn liggja m.a. farleiðir margæsa, rauðbrystinga og fleiri farfugla og þar verpa ýmsar tegundir. Hafarnir heimsækja stundum Hvalfjörð sem og fálkar. Þótt framkvæmdasvæðið skarist ekki við mörk fuglasvæðisins er það mjög nálægt því og afar mikilvægt er að meta hvort farleiðir t.d. margæsa liggja þar um. Náttúrufræðistofnun telur því sérkennilegt og óheppilegt að ekki sé stefnt að því að framkvæmda ratsjarmælingar sem eru að mati stofnunarinnar nauðsynlegar til viðbótar við sjónarhólmælingar til að meta far fugla um svæðið. Ratsjarmælingarnar ættu að ná yfir sama tveggja ára tímabil og sjónarhólmælingar. Áætlaðar athuganir á dreifingu og þéttleika varpfugla á framkvæmdasvæði ættu að vera fullnægjandi enda svæðið ekki sérlega stórt. Eðlilegt væri að leggja einhver snið í næsta nágrenni framkvæmdasvæðis einnig þar sem þekkt er að ýmsir mófuglar forðast mannvirki þ.m.t. vegi. Æskilegt hefði verið ef matsáætlunin hefði sýnt áætluð talningasnið á korti.

Lítið er fjallað um hvaða viðfangsefni verða sérstaklega til skoðunar í jarðminjaúttekt. Náttúrufræðistofnun vill benda á mikilvægi þess að kortleggja laus jarðlög og sýnilegar jarðmyndanir á yfirborði til viðbótar við berggrunnsupplýsingar.



Ljóst er að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd svæðisins verða mikil enda Hvalfjörður svæði sem er þekkt fyrir fjölbreytt og fallett landslag og mikið af fólki ferðast um eða dvelur þar til skemmri eða lengri tíma. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög vandasamt að skipuleggja svo stórt inngrip í landslag á svæði af slíkum toga. Í umhverfismatinu þarf því að taka tillit til margra ásýndarsjónarhorna til að fá heildstæða sýn á landslagsáhrifin. Náttúrufræðistofnun telur að við listann í töflu 4.4 sé ástæða til að bæta við allmörgum fleiri myndatökustöðum t.d. viðkomustöðum ferðafólks eins og útsýnisstaðnum ofan við Hvalfjarðareyri vestan Kjósar, Hvammsvík og Hvítanes í innanverðum Hvalfirði, af Þyrilsnesi, af gönguleið á Leggjabróti, af gönguleiðum í Skorradal og af útsýnisstöðum á gönguleiðum uppi á Akrafjalli, Esju og Móskaðshnúkum og Skarðsheiði.

Í matsáætlun er ekki fjallað um mögulega plastmengun frá vindmylluspöðum en í nýlegu áliti Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrir vindorkugarð í Múla í Norðurárdal var gerð krafa um að í umhverfismatinu væri lagt mat á losun örplasts.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

